

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/145/EB

2010/EES/71/25

frá 26. nóvember 2009

**um tilteknar undanþágur sem varða samþykki fyrir staðaryrkjum og yrkjum í landbúnaði, sem hefð er fyrir því að rækta á tilteknum stöðum og svæðum og eru í hættu vegna erfðatæringar, og fyrir yrkjum grænmetis, sem hafa ekkert raunverulegt gildi í ræktun í viðskiptaskyni, en hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði og um setningu fræs af þessum staðaryrkjum og yrkjum á markað (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs <sup>(1)</sup>, einkum 4. gr. (4. mgr.), 44. gr. (2. mgr.) og 48. gr. (b-lið 1. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu erfðaauðlinda plantna hefur orðið æ ljósari undanfarin ár og það kemur fram í þróuninni, bæði á alþjóðavettvangi og á vettvangi Bandalagsins. Dæmi um þetta eru ákvörðun ráðsins 93/626/EBE frá 25. október 1993 um gerð samnings um líffræðilega fjölbreytni <sup>(2)</sup>, ákvörðun ráðsins 2004/869/EB frá 24. febrúar 2004 um gerð alþjóðlegs sáttmála fyrir hönd Evrópubandalagsins um erfðaauðlindir plantna á sviði matvæla og landbúnaðar <sup>(3)</sup>, reglugerð ráðsins (EB) nr. 870/2004 frá 24. apríl 2004 um áætlun Bandalagsins um varðveislu, lýsingu á eiginleikum, söfnun og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1467/94 <sup>(4)</sup> og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1698/2005 frá 20. september 2005 um stuðning Byggðapróunarsjóðs ESB í landbúnaði (EAFRD) <sup>(5)</sup> við byggðapróun í dreifbýli. Setja skal sérstök skilyrði í samræmi við tilskipun 2002/55/EB til að taka tillit til þessara atriða varðandi setningu grænmetisfræs á markað.
- 2) Til að tryggja varðveislu á upprunastað og sjálfbæra notkun erfðaauðlinda plantna skal rækta og setja staðar-

yrki og yrki, sem hafa verið ræktuð samkvæmt hefð á tilteknum stöðum og svæðum og sem eru í hættu vegna erfðatæringar (hér á eftir nefnd „varðveisluyrki“), á markað jafnvel þótt þau uppfylli ekki almennar kröfur að því er varðar samþykki fyrir yrkjum og setningu fræs á markað. Til viðbótar við það almenna markmið að vernda erfðaauðlindir plantna eru sérstakir hagsmunir fölgendir í því að vernda þessi yrki sökum þess að þau eru einkar vel aðlöguð tilteknum, staðbundnum aðstæðum.

- 3) Til að tryggja sjálfbæra notkun erfðaauðlinda plantna skal rækta og setja á markað yrki, sem hafa ekki raunverulegt gildi í ræktun í viðskiptaskyni en hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði (hér á eftir nefnd „yrki, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði“), jafnvel þótt þau uppfylli ekki almennar kröfur varðandi samþykki fyrir yrkjum og setningu fræs á markað. Auk þess almenna markmiðs að vernda erfðaauðlindir plantna er sérstaklega brýnt að vernda þessi yrki sökum þess að þau eru fær um að vaxa við tiltekin skilyrði með tilliti til loftslags, jarðvegsfræði eða landbúnaðartækni (t.d. handvirk umhirða, endurtekin uppskera).
- 4) Til að vernda varðveisluyrki og yrki, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði, er nauðsynlegt að kveða á um undanþágur varðandi samþykki fyrir þessum yrkjum sem og fyrir framleiðslu og setningu á fræi af þessum yrkjum á markað.
- 5) Þessar undanþágur skulu varða efnislegar kröfur um samþykki fyrir yrki og þær kröfur um málsmeðferð, sem kveðið er á um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdar-ráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda <sup>(6)</sup>.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 309, 13.12.1993, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 378, 23.12.2004, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 18.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 11.

- 6) Aðildarríkin skulu fyrst og fremst hafa heimild til að samþykkja eigin ákvæði að því er varðar aðgreinanleika, stöðugleika og einsleitni. Að því er varðar aðgreinanleika og stöðugleika skulu þessi ákvæði að lágmarki grundvallast á þeim eiginleikum sem eru tilgreindir í tæknilega spurningalistanum, sem umsækjanda ber að fylla út í tengslum við umsókn um samþykki fyrir yrkinu, eins og um getur í I. og II. viðauka við tilskipun 2003/91/EB. Ef einsleitni er ákvörðuð á grundvelli fráviksgerða (off-types) skulu ákvæðin byggð á skilgreindum stöðlum.
- 7) Kveða skal á um kröfur um málsmeðferð þannig að hægt sé að veita samþykki fyrir varðveisluyrki, eða yrki, sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði, án þess að opinber athugun fari fram. Enn fremur er nauðsynlegt, að því er varðar heiti þessara yrkja, að kveða á um tilteknar undanþágur frá kröfunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/55/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 637/2009 frá 22. júlí 2009 um setningu framkvæmdarreglna um heppileika nafngifta á yrkjum af tegundum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda <sup>(1)</sup>.
- 8) Að því er varðveisluyrki varðar skal kveða á um takmarkanir í tengslum við framleiðslu fræs og setningu þess á markað, einkum að því er varðar upprunasvæði, til að tryggja að setning fræs á markað fari fram sem liður í varðveislu á upprunastað og sjálfbærri nýtingu erfðauðlinda plantna. Í þessu samhengi skulu aðildarríkin eiga þess kost að samþykkja viðbótarsvæði þar sem unnt er að setja fræ, sem er umfram það magn sem er nauðsynlegt til að tryggja varðveislu viðkomandi yrkis á upprunasvæði sínu, á markað að því tilskildu að þau viðbótarsvæði séu sambærileg með tilliti til náttúrulegra og hálfnáttúrulegra búsvæða. Til að tryggja að tengingin við upprunasvæðið varðveitist gildir þetta ekki ef tiltekið aðildarríki hefur samþykkt viðbótarsvæði til framleiðslu.
- 9) Setja skal magntakmarkanir sem skulu gilda við setningu hvers varðveisluyrkis og hvers yrkis, sem er þróað til ræktunar við sérstök skilyrði, á markað.
- 10) Þegar um er að ræða varðveisluyrki skal magn þess fræs, sem sett er á markað af hverju yrki, ekki vera meira en nauðsynlegt er til að framleiða grænmeti af viðkomandi yrki á afmörkuðu svæði sem skilgreint er í samræmi við það hversu mikilvæg ræktun viðkomandi tegundar er. Til að ganga úr skugga um að ákvæði um þetta magn séu virt skulu aðildarríkin krefjast þess að framleiðendur tilkynni um það fræmagn af varðveisluyrkjum, sem þeir hyggjast framleiða, og skulu þau úthluta magninu til framleiðenda eftir því sem við á.
- 11) Þegar um er að ræða yrki, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði, skal fyrirkomulag magntakmarkana vera á þann veg að fræ skal sett á markað í litlum pakkningum þannig að hlutfallslega hátt verð, sem greiða þarf fyrir fræ í litlum pakkningum, hafi sömu áhrif og magntakmarkanir.
- 12) Þegar um er að ræða varðveisluyrki og yrki, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði, skal tryggja rekjanleika fræs með því að setja viðeigandi kröfur um innsiglu og merkingu.
- 13) Til að tryggja rétta beitingu þessarar tilskipunar skal fræræktun varðveisluyrkja og yrkja, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði, uppfylla tiltekin skilyrði að því er varðar vottun og sannpröfun á fræi. Framkvæma skal opinbera eftirkönnun á fræinu. Opinber vöktun skal vera á öllum stigum framleiðslu og setningar á markað. Birgjar skulu gefa aðildarríkjunum skýrslu, og aðildarríkin framkvæmdastjórninni, um fræmagn af varðveisluyrkjum sem sett er á markað.
- 14) Að þremur árum liðnum skal framkvæmdastjórnin meta hvort þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun, einkum ákvæðin sem lúta að magntakmörkunum í tengslum við setningu fræs af varðveisluyrkjum og yrkjum, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði, á markað, skili árangri.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. KAFLI

## Viðfangsefni og skilgreiningar

## I. gr.

## Efni

1. Að því er varðar tegundir grænmetis, sem falla undir tilskipun 2002/55/EB, er í þessari tilskipun mælt fyrir um tilteknar undanþágur í tengslum við varðveislu á upprunastað og sjálfbæra notkun erfðauðlinda plantna með ræktun og setningu á markað:
- a) vegna samþykkis fyrir því að færa í landsskrár yfir yrki af tegundum grænmetis, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/55/EB, staðaryrki og yrki, sem hafa verið ræktuð samkvæmt hefð á tilteknum stöðum og svæðum og sem eru í hættu vegna erfðatæringar, hér á eftir nefnd „varðveisluyrki“, og
- b) vegna samþykkis fyrir upptöku í skrárnar sem um getur í a-lið yfir yrki sem hafa ekki raunverulegt gildi í ræktun í viðskiptaskyni en hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði, hér á eftir nefnd „yrki, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði“, og

<sup>(1)</sup> Stjótd. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 10.

- c) vegna setningar fræs af slíkum varðveisluyrkjum og yrkjum, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði, á markað.

4. gr.

2. Tilskipun 2002/55/EB gildir nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

2. gr.

### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „varðveisla á upprunastað“: varðveisla erfðaeftis í náttúrulegu umhverfi og, ef um er að ræða ræktaðar plöntutegundir, í því landbúnaðarumhverfi þar sem sérstakir eiginleikar þeirra hafa þróast,
- b) „erfðatæring“: rýrnun, sem verður með tímanum á erfðafræðilegum fjölbreytileika innan og milli stofna eða yrkja sömu tegundar, eða rýrnun á erfðagrunni tegundar vegna mannlegrar íhlutunar eða umhverfisbreytinga,
- c) „staðaryrki“: mengi stofna eða klóna plöntutegundar sem eru náttúrulega aðlöguð umhverfisaðstæðum á sínu svæði.

## II. KAFLI

### Varðveisluyrki

#### I. ÞÁTTUR

#### Samþykki fyrir varðveisluyrkjum

3. gr.

### Varðveisluyrki

1. Aðildarríkjum er heimilt að samþykkja varðveisluyrki með fyrirvara um kröfurnar sem kveðið er á um í 4. og 5. gr.
2. Varðveisluyrki skulu samþykkt eins og hér segir:
- a) Aðildarríkjum er heimilt að samþykkja yrki sem yrki þar sem hægt er að votta fræ þess sem „vottað fræ varðveisluyrkis“ eða sannprófa það sem „staðlað fræ varðveisluyrkis“. Slíkt yrki skal fært inn í sameiginlegu skrána yfir yrki grænmetistegunda sem „varðveisluyrki þar sem fræið skal vottað í samræmi við 10. gr. tilskipunar ráðsins 2009/145/EB eða sannprófað í samræmi við 11. gr. þeirrar tilskipunar“,
- b) Aðildarríkjum er heimilt að samþykkja yrki sem yrki þar sem einungis er hægt að sannprófa fræ þess sem „staðlað fræ varðveisluyrkis“. Slíkt yrki skal fært inn í sameiginlegu skrána yfir yrki grænmetistegunda sem „varðveisluyrki þar sem fræið skal sannprófað í samræmi við 11. gr. tilskipunar ráðsins 2009/145/EB“.

### Efnislegar kröfur

1. Til þess að hljóta samþykki sem varðveisluyrki skal staðaryrki eða yrki, sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr., skipta máli í tengslum við varðveislu á erfðaaudlindum plantna.

2. Þrátt fyrir 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/91/EB er aðildarríkjum heimilt að samþykkja eigin ákvæði að því er varðar aðgreinanleika, stöðugleika og einsleitni varðveisluyrkja.

Í þeim tilvikum skulu aðildarríkin sjá til þess að a.m.k. þeir eiginleikar eigi við, að því er varðar aðgreinanleika og stöðugleika, sem um getur í:

- a) tæknilegu spurningalistunum, sem tengjast aðferðarlýsingum prófana frá skrifstofu fyrir plöntuyrki í Bandalaginu (CPVO), af tegundunum sem eru tilgreindar í I. viðauka við tilskipun 2003/91/EB og eiga við um þessar tegundir, eða
- b) tæknilegu spurningalistunum í viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) af tegundunum sem eru tilgreindar í II. viðauka við tilskipun 2003/91/EB og eiga við um þessar tegundir.

Tilskipun 2003/91/EB gildir að því er varðar mat á einsleitni.

Ef einsleitni er ákvörðuð á grundvelli fráviksgerða skal þó nota 10% stofnstaðal og a.m.k. 90% samþykkislíkur.

5. gr.

### Kröfur um málsmeðferð

Þrátt fyrir fyrsta málslið 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2002/55/EB skal ekki gerð krafa um opinbera athugun ef eftirfarandi upplýsingar nægja til þess að hægt sé að taka ákvörðun um að samþykkja varðveisluyrkin:

- a) lýsing á varðveisluyrkinu og heiti þess,
- b) niðurstöður úr óopinberum prófunum,
- c) þekking, sem hefur fengist með reynslu af ræktun, fjölgun og notkun, sem umsækjandi hefur tilkynnt til viðkomandi aðildarríkis,
- d) aðrar upplýsingar, einkum frá yfirvöldum sem bera ábyrgð á erfðaaudlindum plantna eða frá stofnunum sem aðildarríkin hafa viðurkennt í þessu skyni.

6. gr.

### Samþykki hafnað

Ekki skal samþykkja að taka varðveislurki inn í landskrá yfir yrki ef:

- það er þegar skráð sem yrki, annað en varðveislurki, í sameiginlegu skránni yfir yrki grænmetistegunda eða það hefur verið felld úr þeirri sameiginlegu skrá á næstliðnum tveimur árum eða fresturinn, sem var veittur skv. 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 2002/55/EB, rann út fyrir minna en 2 árum, eða
- það nýtur verndar samkvæmt plöntuyrkisrétti Bandalagsins sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2100/94 <sup>(1)</sup> eða samkvæmt landsbundnum plöntuyrkisrétti eða ef umsókn um slíkan rétt biður afgreiðslu.

7. gr.

### Heiti

1. Að því er varðar heiti varðveislurkja, sem voru þekkt fyrir 25. maí 2000, er aðildarríkjunum heimilt að veita undanþágur frá reglugerð (EB) nr. 637/2009 nema slíkar undanþágur myndu brjóta gegn eldri rétti þriðja aðila sem nýtur verndar skv. 2. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Þrátt fyrir 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2000/55/EB mega aðildarríkin samþykkja fleiri en eitt heiti á yrki ef viðkomandi heiti eru sögulega þekkt.

8. gr.

### Upprunasvæði

1. Þegar aðildarríki samþykkir varðveislurki skal það ákvarða staðinn eða staðina, svæðið eða svæðin þar sem hefð er fyrir því að rækta yrkið og þar sem náttúruleg aðlögun þess hefur orðið, hér á eftir nefnt „upprunasvæði“. Aðildarríkið skal taka tillit til upplýsinga frá yfirvöldum sem bera ábyrgð á erfðaauðlindum plantna eða frá stofnunum sem aðildarríkin hafa viðurkennt í þessu skyni.

Ef upprunasvæðið er staðsett í fleiri en einu aðildarríki skulu öll viðkomandi aðildarríki ákvarða það með samhljóða samkomulagi.

2. Aðildarríkið eða aðildarríkin, sem sjá um að ákvarða upprunasvæðið, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvarðaða svæðið.

9. gr.

### Viðhald

Aðildarríkin skulu sjá til þess að varðveislurki sé viðhaldið á upprunasvæði sínu.

## II. ÞÁTTUR

### Fræframleiðsla og setning varðveislurkja á markað

10. gr.

### Vottun

Þrátt fyrir 20. gr. tilskipunar 2002/55/EB er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að votta megi fræ varðveislurkis sem vottað fræ varðveislurkis ef það uppfyllir eftirfarandi kröfur:

- fræið er komið af fræi sem hefur verið framleitt í samræmi við vel skilgreindar reglur um viðhald yrkisins,
- fræið uppfyllir vottunarkröfurnar um „vottað fræ“ sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/55/EB, að undanskildum kröfum er varða lágmarkshreinleika yrkis og kröfum er varða opinbera athugun eða athugun undir opinberu eftirliti,
- fræið skal hafa nægilegan hreinleika yrkis.

11. gr.

### Sannprófun

Þrátt fyrir 20. gr. tilskipunar 2002/55/EB er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að fræ varðveislurkis megi sannprófa sem staðlað fræ varðveislurkis ef það uppfyllir eftirfarandi kröfur:

- fræið uppfyllir kröfur um setningu „staðlaðs fræs“ á markað, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/55/EB, að undanskildum þeim kröfum er varða lágmarkshreinleika yrkis,
- fræið skal hafa nægilegan hreinleika yrkis.

12. gr.

### Fræprófun

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gerðar séu prófanir til að kanna hvort fræ varðveislurkja uppfylli kröfurnar sem kveðið er á um í 10. og 11. gr.

2. Þær prófanir, sem um getur í 1. mgr., skulu fara fram í samræmi við gildandi, alþjóðlegar aðferðir eða, ef slíkar aðferðir eru ekki fyrir hendi, í samræmi við aðrar viðeigandi aðferðir.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að sýni, sem eru tekin til þeirra prófana sem um getur í 1. mgr., séu tekin úr einsleitum framleiðslueiningum. Þau skulu sjá til þess að reglum um þyngd framleiðslueininga og sýna, sem kveðið er á um í 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2002/55/EB, sé fylgt.

13. gr.

### Fræframleiðslusvæði

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ varðveislurkis megi einungis framleiða á upprunasvæði þess.

Ef ekki er hægt að framleiða fræið á því svæði sökum tiltekins umhverfisvanda er aðildarríkjunum heimilt að samþykkja viðbótarsvæði fyrir fræframleiðslu, að teknu tilliti til upplýsinga frá yfirvöldum, sem bera ábyrgð á erfðaauðlindum plantna, eða frá stofnunum sem aðildarríkin hafa viðurkennt í þessu skyni. Fræ, sem er framleitt á þessum viðbótarsvæðum, má þó eingöngu nota á upprunasvæðinu.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB L 227, 1.9.1994, bls. 1.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um viðbótarsvæðin sem þau hyggjast samþykkja til fræframleiðslu skv. 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum er heimilt að fara þess á leit, innan 20 virkra daga frá móttöku þessara tilkynninga, að málinu verði vísað til fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt. Taka skal ákvörðun, í samræmi við b-lið 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2002/55/EB, um að mæla fyrir um takmarkanir eða skilyrði í tengslum við tilgreiningu slíkra svæða, eftir því sem nauðsyn krefur.

Ef hvorki framkvæmdastjórnin né önnur aðildarríki leggja fram beiðni samkvæmt annarri undirgrein er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að viðurkenna viðbótarsvæðin til fræframleiðslu eins og tilkynnt var um.

14. gr.

#### Skilyrði fyrir setningu á markað

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að einungis megi setja fræ varðveisluyrkis á markað að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) að það hafi verið framleitt á upprunasvæði þess eða á svæði sem um getur í 13. gr.,
- b) setning á markað á sér stað á upprunasvæði þess.

2. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. er aðildarríki heimilt að samþykkja viðbótarsvæði á eigin yferráðasvæði til setningar fræs af varðveisluyrki á markað, að því tilskildu að svæðin séu sambærileg upprunasvæðinu að því er varðar náttúruleg og hálfnáttúruleg búsvæði þess yrkis.

Ef aðildarríkin samþykkja slík viðbótarsvæði skulu þau sjá til þess að það magn fræs, sem er nauðsynlegt til að framleiða a.m.k. það fræmagn sem um getur í 15. gr., sé tekið frá til varðveisluyrkisins á upprunasvæði þess.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um samþykkið fyrir slíkum viðbótarsvæðum.

3. Ef aðildarríki samþykkir viðbótarsvæði til fræframleiðslu í samræmi við 13. gr. skal það ekki beita undanþágunni sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar.

15. gr.

#### Magntakmarkanir

Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að það fræmagn af hverju varðveisluyrki, sem sett er á markað ár hvert, sé ekki umfram

það magn sem nauðsynlegt er til framleiðslu á grænmeti á þeim fjölda hektara sem kveðið er á um í I. viðauka fyrir þær tegundir sem um ræðir hverju sinni.

16. gr.

#### Beiting magntakmarkana

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur tilkynni þeim um stærð og legu hvers svæðis, sem ætlað er fyrir fræframleiðsluna, áður en hvert framleiðsluskeið hefst.

2. Ef líklegt er, á grundvelli tilkynninganna, sem um getur í 1. mgr., að farið verði yfir magnið sem aðildarríkin mæla fyrir um í samræmi við 15. gr., skulu aðildarríkin úthluta hverjum viðkomandi framleiðanda því magni sem hann má setja á markað á viðkomandi framleiðsluskeiði.

17. gr.

#### Lokun pakkninga

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ af varðveisluyrkjum megi eingöngu setja á markað í lokuðum pakkningum með lokunarbúnaði.

2. Birgirinn skal loka fræpakkningum þannig að ekki sé hægt að opna þær án þess að lokunarbúnaðurinn eyðileggist eða ummerki komi fram á merkimiða birgisins eða pakkningunum.

3. Til að tryggja að pakkningarnar séu lokaðar í samræmi við 2. mgr. skal að lágmarki vera merkimiði eða innsigli á lokunarbúnaðinum.

18. gr.

#### Merking

Aðildarríkin skulu sjá til þess að á pakkningum eða ílátum með fræi varðveisluyrkja sé merkimiði birgis eða prentuð eða stimpluð tilkynning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) orðin „EB-reglur og -staðlar“,
- b) nafn og heimilisfang þess sem ber ábyrgð á að festa merkimiðana á eða auðkennismerki hans,
- c) árið þegar pakkningunni var lokað, gefið upp sem „lokað...“ (ár) eða það ár þegar síðasta sýnataka fór fram í þeim tilgangi að gera síðustu prófun á spírunarhæfni, gefið upp sem: „sýni tekið...“ (ár),
- d) tegund,
- e) heiti varðveisluyrkisins,

- f) orðin „vottað fræ varðveisluyrkis“ eða „staðlað fræ varðveisluyrkis“,
- g) upprunasvæði,
- h) ef fræframleiðslusvæði er annað en upprunasvæði, tilgreining á fræframleiðslusvæðinu,
- i) tilvísunarnúmer framleiðslueiningarinnar, sem úthlutað er af þeim aðila sem ber ábyrgð á því að festa merkimiðana á,
- j) uppgæfin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgæfinn fjöldi fræja,
- k) tegund efnameðhöndlunar eða aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar fræklassa eða hreinna fræja og heildarþyngdar þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni á föstu formi.

19. gr.

### Opinber eftirkönnun

Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ varðveisluyrkis, sem er sett á markað samkvæmt þessari tilskipun, sæti opinberri eftirkönnun, sem felst í slembiskoðunum, til að sannprófa auðkenni yrkisins og hreinleika þess.

Opinber eftirkönnun, sem um getur í 1. mgr., skal fara fram í samræmi við gildandi, alþjóðlegar aðferðir eða, ef slíkar aðferðir eru ekki fyrir hendi, í samræmi við aðrar viðeigandi aðferðir.

20. gr.

### Vöktun

Aðildarríkin skulu sjá til þess með opinberri vöktun við framleiðslu og setningu á markað að fræið uppfylli kröfurnar í þessum kafla, með sérstakri áherslu á yrkið, fræframleiðslustaði og magn.

### III. KAFLI

#### Yrki sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði

##### I. ÞÁTTUR

#### Samþykki fyrir yrkjum sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði

21. gr.

#### Yrki sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði

1. Aðildarríkjum er heimilt að samþykkja yrki, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði, með fyrirvara um kröfurnar sem kveðið er á um í 22. og 23. gr.

2. Aðildarríkjum er heimilt að samþykkja yrki, sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði, sem yrki þar sem aðeins er hægt að sannprófa fræ þess sem „staðlað fræ af yrki, sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði“. Slíkt yrki skal skráð í sameiginlegu skrána yfir yrki grænmetistegunda sem „yrki, sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði og fræ þess skal sannprófað í samræmi við 26. gr. tilskipunar ráðsins 2009/145/EB“.

22. gr.

### Efnislegar kröfur

1. Til að hljóta samþykki sem yrki, sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði, sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr., má yrki ekki hafa neitt raunverulegt gildi í ræktun í viðskiptaskyni en vera þróað til ræktunar við sérstök skilyrði.

Yrki skal teljast hafa verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði ef það hefur verið þróað til ræktunar við tiltekin skilyrði með tilliti til loftslags, jarðvegsfræði eða landbúnaðartækni.

2. Þrátt fyrir 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/91/EB er aðildarríkjum heimilt að samþykkja eigin ákvæði að því er varðar aðgreinanleika, stöðugleika og einsleitni yrkja sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði.

Í þeim tilvikum skulu aðildarríkin sjá til þess að a.m.k. þeir eiginleikar eigi við, að því er varðar aðgreinanleika og stöðugleika, sem um getur í:

a) tæknilegu spurningalistunum, sem tengjast aðferðarlýsingum prófana frá skrifstofu fyrir plöntuyrki í Bandalaginu (CPVO), af tegundunum sem eru tilgreindar í I. viðauka við tilskipun 2003/91/EB og eiga við um þessar tegundir, eða

b) tæknilegu spurningalistunum í viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) af tegundunum sem eru tilgreindar í II. viðauka við tilskipun 2003/91/EB og eiga við um þessar tegundir.

Tilskipun 2003/91/EB gildir að því er varðar mat á einsleitni.

Ef einsleitni er ákvörðuð á grundvelli fráviksgerða skal þó nota 10% stofnstaðal og a.m.k. 90% samþykkislíkur.

## 23. gr.

**Kröfur um málsmeðferð**

Þrátt fyrir fyrsta málslið 1. mgr. 7.gr. tilskipunar 2002/55/EB skal ekki gerð krafa um opinbera athugun ef eftirfarandi upplýsingar nægja til að hægt sé að taka ákvörðun um að samþykkja yrkin sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði:

- a) lýsing á yrki, sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði, og heiti þess,
- b) niðurstöður úr óopinberum prófunum,
- c) þekking, sem hefur fengist með reynslu af ræktun, fjölgun og notkun, sem umsækjandi hefur tilkynnt til viðkomandi aðildarríkis,
- d) aðrar upplýsingar, einkum frá yfirvöldum sem bera ábyrgð á erfðaaudlindum plantna eða frá stofnunum sem aðildarríkin hafa viðurkennt í þessu skyni.

## 24. gr.

**Samþykki hafnað**

Yrki, sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði, skal ekki samþykkt til færslu í landsskrána yfir yrki ef:

- a) það hefur þegar verið tilgreint í sameiginlegu skránni yfir yrki grænmetistegunda sem yrki, annað en yrki, sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði, eða það hefur verið fellt úr þeirri sameiginlegu skrá yfir yrki grænmetistegunda á næstliðnum tveimur árum eða fresturinn, sem var veittur skv. 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 2002/55/EB, hefur runnið út fyrir minna en 2 árum eða
- b) það nýtur verndar samkvæmt plöntuyrkisrétti Bandalagsins, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2100/94, eða samkvæmt plöntuyrkisrétti viðkomandi lands, eða ef umsókn um slíkan rétt biður afgreiðslu.

## 25. gr.

**Heiti**

1. Að því er varðar heiti yrkja, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði og voru þekkt fyrir 25. maí 2000, er aðildarríkjnum heimilt að veita undanþágur frá reglugerð (EB) nr. 637/2009 nema slíkar undanþágur myndu brjóta gegn eldri rétti þriðja aðila sem nýtur verndar skv. 2. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Þrátt fyrir 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2000/55/EB mega aðildarríkin samþykkja fleiri en eitt heiti á yrki ef viðkomandi heiti eru sögulega þekkt.

## II. ÞÁTTUR

**Setning fræs á markað af yrkjum sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði**

## 26. gr.

**Sannprófun**

Þrátt fyrir 20. gr. tilskipunar 2002/55/EB er aðildarríkjum heimilt að kveða á um að fræ af yrki, sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði, megi sannprófa sem staðlað fræ af yrki, sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði, ef það uppfyllir eftirfarandi kröfur:

- a) fræið uppfyllir kröfur um setningu „staðlaðs fræs“ á markað, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/55/EB, að undanskildum þeim kröfum er varða lágmarkshreinleika yrkis,
- b) fræið skal hafa nægilegan hreinleika yrkis.

## 27. gr.

**Fræprófun**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gerðar séu prófanir til að kanna hvort fræ af yrkjum, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði, uppfylli kröfurnar sem kveðið er á um í 26. gr.

2. Þær prófanir, sem um getur í 1. mgr., skulu fara fram í samræmi við gildandi, alþjóðlegar aðferðir eða, ef slíkar aðferðir eru ekki fyrir hendi, í samræmi við aðrar viðeigandi aðferðir.

## 28. gr.

**Magntakmarkanir**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ af yrkjum, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði, séu sett á markað í litlum pakkningum sem fara ekki yfir hámarkið fyrir eigin þyngd sem sett er fram fyrir hverja tegund í II. viðauka.

## 29. gr.

**Lokun pakkninga**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ af yrkjum, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði, megi eingöngu setja á markað í lokuðum pakkningum með lokunarbúnaði.

2. Birgirinn skal loka fræpakkningum þannig að ekki sé hægt að opna þær án þess að lokunarbúnaðurinn eyðileggist eða ummerki komi fram á merkimiða birgisins eða pakkningunum.

3. Til að tryggja að pakkningarnar séu lokaðar í samræmi við 2. mgr. skal að lágmarki vera merkimiði eða innsigli á lokunarbúnaðinum.

30. gr.

**Merking**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að á þakningum fyrir fræ af yrkjum, sem hafa verið þróuð til ræktunar við sérstök skilyrði, sé merkimiði frá birgi eða prentaðar eða stimplaðar upplýsingar þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- orðin „EB-reglur og -staðlar“,
- nafn og heimilisfang þess sem ber ábyrgð á að festa merkimiðana á eða auðkennismerki hans,
- árið þegar þakningunni var lokað, gefið upp sem „lokað...“ (ár) eða það ár þegar síðasta sýnataka fór fram í þeim tilgangi að gera síðustu prófun á spirunarhæfni, gefið upp sem: „sýni tekið...“ (ár),
- tegund,
- heiti yrkisins,
- orðin „yrki, sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði“,
- tilvísunarnúmer framleiðslueiningarinnar, sem úthlutað er af þeim aðila sem ber ábyrgð á því að festa merkimiðana á,
- uppgæfin nettó- eða brúttóþyngd eða uppgæfinn fjöldi fræja,
- tegund efnameðhöndlunar eða aukefnis og einnig nálgunarhlutfall milli þyngdar fræklasa eða hreinna fræja og heildarþyngdar þegar þyngd er tilgreind og notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni á föstu formi.

31. gr.

**Opinber eftirkönnun**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að fræ af yrki, sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði, sæti opinberri eftirkönnun, sem felst í slembiskoðunum, til að sannprófa auðkenni yrkisins og hreinleika þess.

Opinber eftirkönnun, sem um getur í 1. mgr., skal fara fram í samræmi við gildandi, alþjóðlegar aðferðir eða, ef slíkar aðferðir eru ekki fyrir hendi, í samræmi við aðrar viðeigandi aðferðir.

32. gr.

**Vöktun**

Aðildarríkin skulu sjá til þess með opinberri vöktun við framleiðslu og setningu á markað að fræið uppfylli kröfurnar í þessum kafla, með sérstakri áherslu á yrkið og magn.

IV. KAFLI

**Almenn ákvæði og lokaákvæði**

33. gr.

**Skýrslugjöf**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að birgjar, sem starfa á yfirráðasvæði þeirra, geri, að því er varðar hvert framleiðsluskeið, grein fyrir magni fræs sem sett er á markað af hverju yrki sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði.

Aðildarríkin skulu, sé þess óskað, gefa framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjum skýrslu yfir það magn af fræi af hverju varðveisluyrki og af hverju yrki, sem hefur verið þróað til ræktunar við sérstök skilyrði, sem sett er á markað á yfirráðasvæði þeirra.

34. gr.

**Tilkynning um viðurkenndar stofnanir sem bera ábyrgð á erfðaauðlindum plantna**

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um viðurkenndu stofnanirnar sem um getur í 5. gr. (d-lið), 8. gr. (1. mgr.), 13. gr. (1. mgr.) og 23. gr. (d-lið).

35. gr.

**Mat**

Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á framkvæmd þessarar tilskipunar fyrir 31. desember 2013.

36. gr.

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.



37. gr.

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

38. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Androulla VASSILIOU

*framkvæmdastjóri.*

---

## I. VIÐAUKI

Magntakmarkanir, sem um getur í 15. gr., við setningu fræs af varðveisluyrkjum á markað

**Magntakmarkanir, sem um getur í 15. gr., við setningu fræs af varðveisluyrkjum á markað**

Grasafraðiheiti	Hámarksfjöldi hektara fyrir hvert aðildarríki til framleiðslu á grænmeti af hverju varðveisluyrki
<i>Allium cepa</i> L. — Cepa-yrkishópur <i>Brassica oleracea</i> L. <i>Brassica rapa</i> L. <i>Capsicum annuum</i> L. <i>Cichorium intybus</i> L. <i>Cucumis melo</i> L. <i>Cucurbita maxima</i> Duchesne <i>Cynara cardunculus</i> L. <i>Daucus carota</i> L. <i>Lactuca sativa</i> L. <i>Lycopersicon esculentum</i> Mill. <i>Phaseolus vulgaris</i> L. <i>Pisum sativum</i> L. (partim) <i>Vicia faba</i> L. (partim)	40
<i>Allium cepa</i> L. — Aggregatum-yrkishópur <i>Allium porrum</i> L. <i>Allium sativum</i> L. <i>Beta vulgaris</i> L. <i>Citrullus lanatus</i> (Thunb.) Matsum. et Nakai <i>Cucumis sativus</i> L. <i>Cucurbita pepo</i> L. <i>Foeniculum vulgare</i> (Mill.) <i>Solanum melongena</i> L. <i>Spinacia oleracea</i> L.	20
<i>Allium fistulosum</i> L. <i>Allium schoenoprasum</i> L. <i>Anthriscus cerefolium</i> (L.) (Hoffm.) <i>Apium graveolens</i> L. <i>Asparagus officinalis</i> L. <i>Cichorium endivia</i> L. <i>Petroselinum crispum</i> (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill) <i>Phaseolus coccineus</i> L. <i>Raphanus sativus</i> L. <i>Rheum rhabarbarum</i> L. <i>Scorzonera hispanica</i> L. <i>Valerianella locusta</i> L. (Laterr.) <i>Zea mays</i> L. (partim)	10

## II. VIÐAUKI

## Mesta eigin þyngd pakkningar, eins og um getur í 28. gr.

Grasafræðiheiti	Mesta eigin þyngd pakkningar, gefin upp í grömmum
<i>Phaseolus coccineus</i> L. <i>Phaseolus vulgaris</i> L. <i>Pisum sativum</i> L. (partim) <i>Vicia faba</i> L. (partim) <i>Spinacia oleracea</i> L. <i>Zea mays</i> L. (partim)	250
<i>Allium cepa</i> L. (Cepa-yrkishópur, Aggregatum-yrkishópur) <i>Allium fistulosum</i> L. <i>Allium porrum</i> L. <i>Allium sativum</i> L. <i>Anthriscus cerefolium</i> (L.) (Hoffm.) <i>Beta vulgaris</i> L. <i>Brassica rapa</i> L. <i>Cucumis sativus</i> L. <i>Cucurbita maxima</i> Duchesne <i>Cucurbita pepo</i> L. <i>Daucus carota</i> L. <i>Lactuca sativa</i> L. <i>Petroselinum crispum</i> (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill) <i>Raphanus sativus</i> L. <i>Scorzonera hispanica</i> L. <i>Valerianella locusta</i> L. (Laterr.)	25
<i>Allium schoenoprasum</i> L. <i>Apium graveolens</i> L. <i>Asparagus officinalis</i> L. <i>Brassica oleracea</i> L. (allar) <i>Capsicum annuum</i> L. <i>Cichorium endivia</i> L. <i>Cichorium intybus</i> L. <i>Citrullus lanatus</i> (Thunb.) Matsum. et Nakai <i>Cucumis melo</i> L. <i>Cynara cardunculus</i> L. <i>Lycopersicon esculentum</i> Mill. <i>Foeniculum vulgare</i> (Mill.) <i>Rheum rhabarbarum</i> L. <i>Solanum melongena</i> L.	5